

Sorpa b.s. Urðunarstaður Álfsnesi  
Gufunesvegi  
112 Reykjavík

Selfoss, 18.12.2024  
UST202402-089/H.M.V.  
08.14.02

## Efni: Reglubundið seinna eftirlit þann 29. október 2024 - Sorpa, urðunarstaður í Álfsnesi, ID nr. 11

Þann 29. október sl. fór fram reglubundið seinna eftirlit á urðunarstað Sorpu í Álfsnesi. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Staða eldri frávika:

Í fyrra eftirliti ársins komu fram þrjú frávík og vörðuðu neðargreind atriði. Úrbótaáætlun barst frá rekstraraðila þann 27. september sl..

1. Gr. 1.2 í starfsleyfi. Árið 2022 var urðað umfram heimild í starfsleyfi. Heimild í gildi það ár voru 38.000 t til urðunar. Samkvæmt greinagerð rekstraraðila voru urðuð í Álfsnesi 67.473 t árið 2022. **Rekstraraðili greinir frá því í úrbótaáætlun að áætlanir um útflutning á úrgangi hafi seinkað vegna vandamála sem koma fram í úrbótaáætluninni sem óhjákvæmilega hafi haft þær afleiðingar að urða þurfti meira en áætlað var í upphafi. Eigendasamkomulag var uppfært árið 2023. Sorpa vinnur markvisst að því að koma lífrænum og brennanlegum úrgangsstraumi frá urðun í Álfsnesi. Að auki er búið að skilgreina takmörk á mótteknum úrgangsstraumum í eigendasamkomulaginu. Á ársgrundvelli eru nú um 60.000 t af úrgangi beint í aðra farvegi en í urðun í Álfsnesi. Rekstraraðili vinnur að breytingu á starfsleyfi sem tekur mið af uppfærðum magntölum sem og uppfærðu samkomulagi. Í eftirliti var það staðfest að umfang urðaðs magns hefur dregist verulega saman. Mikilvægt er að við útgáfu breytts starfsleyfis að heimildir til urðunar endurspegli raunhæft mat á magni sem urða þarf. Fráviki er lokið, sem og fráviki númer 2 hér að neðan.**
2. Gr. 1.2 í starfsleyfi. Árið 2023 var urðað umfram heimild í starfsleyfi. Heimild í gildi árið 2023 voru 38.000 t. Við fyrra eftirlit kom fram að magn sem urðað var það árið voru 53.847 t. **Fráviki er lokið (sama umfjöllun og í fráviki 1).**

3. Gr. 5.3 í starfsleyfi og viðauka II í vöktunaráætlun vatnaáætlunar 2022-2027. Í niðurstöðum frá mælingum ársins 2022 í borholu ÁN-12 kemur fram að styrkur á ammóníum mældist yfir viðmiðunargildi þess. Viðmiðunargildið er 0,5 mg/L N. Árið 2022 mældist styrkur efnisins ammóníum  $\text{NH}_4^+ \text{N} = 0,58\text{mg/l}$  (0,74 mg/l  $\text{NH}_4^+$ ). **Til að bregðast við fráviki kom rekstraraðili á umfram mælingu árið 2023, sem er auka mæling við þær kröfur sem gerðar eru í starfsleyfi en upphaflega er gert ráð fyrir mælingum annað hvert ár. Í niðurstöðum þeirra mælinga kemur fram að ammóníum ( $\text{NH}_4$  mældist undir viðmiðunarmörkum (sjá nánari umfjöllun í skýrslu). Er fráviki því lokið.**
4. Í niðurstöðum frá mælingum ársins 2020 í borholu ÁN-12 kemur fram að styrkur á ammóníum mældist yfir viðmiðunargildi þess. Viðmiðunargildið er 0,5 mg/L N. Árið 2020 mældist styrkur efnisins ammóníum  $\text{NH}_4^+ \text{N} = 0,71$  mg/l. **Hér á við sama niðurstaða og í fráviki nr. 3. Fráviki er lokið.**
5. Opið er eldra frávik úr eftirliti ársins 2023 er varðaði gr. 1.2 í starfsleyfi og varðaði móttöku og urðun á innihaldi úr olíuskilju, sem flokkast sem spilliefni, sbr. k. 13 05 í rg. 1040/2016. **Ekki var hægt að ljúka þessu fráviki þar sem Umhverfisstofnun hafði borist ábendingar um að innihald úr olíuskiljum færi inn á urðunarstað. Skv. úrbótaáætlun rekstraraðila kemur fram að urðunarstaðurinn tekur við sandfangi úr sandskiljum. Þar sem flutningur og tæming úrgangs úr olíuskiljum er starfsleyfisskyld starfsemi þá treystir Sorpa á að flutningsaðilar fylgi þeim kröfum sem á þá eru settar. Greinir rekstraraðili frá því að forskoðun úrgangs sé ekki auðveld þar sem slíkur úrgangur berist inn á urðunarstað í lokuðum dælubílum. Ekki séu skráðar frávísanir á slíkum úrgangi það sem af er rekstrarárinu. Eftirlitsaðili minnir á þá ábyrgð rekstraraðila að sjá til þess að að engin spilliefni berist inn á urðunarstað og ber að skerpa á forskoðun úrgangs sem berast í dælubílum inn á urðunarstað. Frávik þetta snertir annað frávik vegna urðunar á innihaldi úr sandskiljum. Sjá nánari umfjöllun hér að neðan.**

#### **Ein ábending var sett fram í eftirlitinu er varðar:**

1. Ábending er lögð fram þar sem viðbrögð rekstraraðila við lyktarmengunaratburði sem átti sér stað nú á haustmánuðum teljast sein eftir að Umhverfisstofnun kallaði eftir frekari upplýsingum. Þörf er á að endurskoða áætlun varðandi ráðstafanir og viðbrögð verði vart við óeðlilega mikla lyktarmengun sem rekstraraðila ber að bregðast við í samræmi við starfsleyfi.

#### **Eitt frávik kom fram er varðar:**

1. Gr. 1.2 í starfsleyfi (varðar einnig gr. 4.2 í starfsleyfi). Rekstraraðili hefur móttækið til urðunar fastan og blandaðan úrgang úr sandföngum (þó ekki olíuskiljum). Flokkast sá úrgangur sem spilliefni sbr. rgl. nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs (k. 13 05).

Eingöngu er heimilt að urða úrgang úr sandfangi frá skólphreinsistöðvum sem ekki er tilgreindur með öðrum hætti og flokkast ekki sem spilliefni sbr. sömu rgl. (k. 19 08 02). **Hefur rekstraraðili komið með viðbrögð vegna fráviksins og greinir frá því í tölvupósti dagsettu þann 11. desember sl. að unnið er að lausn á meðhöndlun úrgangs úr sandskiljum í samstarfi með öðrum rekstraraðila og það ferli sé komið af stað. Hefur rekstraraðili óskað eftir frekari samtali við Umhverfisstofnun varðandi leiðbeiningar um kröfur sem beri að uppfylla til að þvegin sandur geti farið í landmótun í Álfsnesi. Eftirlitsaðili hefur lagt til fundartíma og tekur tímarammi bréfsins tillit til þess.**

**Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 20. janúar 2025.**

Virðingarfyllst

Halla Margrét Viðarsdóttir  
sérfræðingur

Sigríður Magnúsdóttir  
sérfræðingur